

134. fundur bæjarráðs

134. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn fimmtudaginn 1. febrúar 2018 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Kjartan Björnsson, bæjarfulltrúi, D-lista

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, áheyrnarfulltrúi, B-lista

Eyrún Björg Magnúsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Æ-lista, boðaði forföll

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Fundargerðir til staðfestingar	
1.	1801008 – Fundargerðir íþróttar- og menningarnefndar 2018
	<i>36. fundur haldinn 24. janúar</i>
	Fundargerðin staðfest.
Almenn afgreiðslumál	
2.	1710009 – Húsnæðisáætlun Árborgar 2-1710009
	<i>Húsnæðisáætlun 2018-2025 fyrir Árborg</i>
	Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að húsnæðisáætlunin verði samþykkt.
3.	1712158 – Einelti í grunnskólum 3-1712158

	<i>Minnisblað frá fræðslusviði vegna óskar bæjarráðs um upplýsingar um verklag og viðbrögð skóla og fleiri aðila í eineltismálum.</i>
	Bæjarráð felur fræðslustjóra í samráði við menningar- og frístundafulltrúa og forvarnahóp sveitarfélagsins að vinna tillögu að áætlun til að auka enn frekar umræðu og forvarnir varðandi einelti og hvers kyns áreiti og ofbeldi í sveitarfélaginu.
4.	1801217 – Lífeyriskröfur Brúar vegna A deildar – stofnanir SASS 4-1801217
	<i>Lagt fram yfirlit frá Brú lífeyrissjóði um skuldbindingar stofnana SASS</i>
	Bæjarráð samþykkir að greiða hlutdeild sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar A deildar Brúar lífeyrissjóðs fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Menningarráð og Skólaskrifstofu.
5.	1802002 – Afsal af lóðunum – Austurvegur 51 og 53
	Bæjarráð staðfestir afsalið og felur framkvæmdastjóra sveitarfélagsins að undirrita afsalið.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:15.

Gunnar Egilsson		Kjartan Björnsson
Arna Ír Gunnarsdóttir		Helgi Sigurður Haraldsson

		Ásta Stefánsdóttir
--	--	-----------------------